

## Aðalfundur HRFÍ 29. maí 2013 kl.20:00 á Grand Hótel

### 1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað.

Kl. 20 tók Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður HRFÍ, til máls og bauð fundargesti velkomna á aðalfund HRFÍ 2013. Hún sagði frá því að Svæðafélag Norðurlands hefði sent erindi þess efnis að deildin hefði ekki séð sér fært að sjá um hluta aðalfundar í gegnum fjarfundabúnað, eins og hefur verið gert á síðustu tveimur aðalfundum.

Þvínæst skipaði Jóna Ágúst K. Karlsson fundarstjóra og Guðrúnu Margréti Baldursdóttur fundarritara og bað fundarstjóra að taka við stjórn fundarins.

Fundarstjóri byrjaði á því að kanna lögmæti fundarins. Aðalfundur HRFÍ var auglýstur í 1. tlb. Sáms, sem fór í dreifingu 8. maí. Einnig var aðalfundurinn auglýstur á vefsíðu HRFÍ. Fundarstjóri lýsti boðunina löglega og fundinn lögmætan. Hann gerði það að tillögu sinni að umræður færu fram að lokum framsögum um hvern dagskrárlið að undanskildum liðum 2 og 3. Lagði hann til að umræður og afgreiðsla um þá liði færi fram sameiginlega að þeim loknum.

### 2. Skýrsla stjórnar HRFÍ.

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður HRFÍ, tók til máls og flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Hún lýsti síðasta aðalfundi HRFÍ og fór yfir margþætta starfsemi félagsins á liðnu ári.

Þær breytingar urðu í árslok 2012 að Valgerður Júlíusdóttir lét af störfum sem framkvæmdarstjóri og Fríður Esther Pétursdóttir tók við starfinu í hennar stað. Tveir starfsmenn eru á skrifstofu, auk framkvæmdarstjóra.

Stjórn HRFÍ kom saman til fundar 13 sinnum á árinu og haldnir voru tveir fulltrúaráðsfundir; 31. október 2012 og 10. apríl 2013. Húsnæði félagsins er verið notað í ýmsa starfsemi deilda og félagsins í heild.

Breyting hefur orðið á opnunartíma skrifstofu og er nú opið virka daga á milli 10 og 15. Haustið 2012 unnu nemendur á námskeiðinu Gæðastjórnun á Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ gæðahandbók fyrir félagið. Tilgangur innleiðingar gæðastjórnunarkerfis er góð þjónusta sem uppfyllir kröfur félagsmanna og eykur traust þeirra til félagsins. Stefnan að innleiða kerfið í starfsemi félagsins.

Almennt hefur lítil breyting átt sér stað í reglulegri starfsemi félagsins. Úgáfa ættbóka hefur dregist saman um 4%, got eru 4% færri, innfluttum hundum hefur fækkað um 15%, mjaðmamyndatökum hefur fækkað um 7% og skráningar í augnskoðun hafa dregist saman um 10%. Skráning á sýningar jókst hinsvegar um 1%. Aðeins ein deildarsýning var haldin á árinu 2012. Fjórar augnskoðanir voru í Reykjavík á vegum félagsins og jafnframt var augnskoðunin í mars haldin samtímis á Akureyri. Ný augnvottorð voru tekin í gagnið í nóvember. Eftirfarandi tafla úr skýrslu formanns sýnir breytingar á skráningum á milli ára.

	2012	2011	frávik	%
Hvolpar	1147	1085	62	5,7
Got	255	245	10	4,1
Meistarastigssýningar (allar teg)	1	1	0	0,0
Alþjóðlegar sýningar (allar teg)	3	3	0	0,0
Deildarsýningar	1	11	-10	-90,9

Félagsmenn	2118	2235	-117	-5,2
Deildir	30	29	1	3,4
Skráðir hundar á árinu	1203	1155	48	4,2
Skráðir hundar alls frá upphafi ca	16463	15260	1203	7,9
Augnskoðaðir hundar	590	655	-65	-9,9
Sýndir hundar (allar sýn)	2939	3640	-701	-19,3
Sýndir hundar (all breed sýningar)	2874	2850	24	0,8
Sýndir hundar (deildarsýningar)	65	790	-725	-91,8
Nýjar tegundir á árinu	2	1	1	100,0
Innfluttir hundar	56	66	-10	-15,2
HD (alls)	143	139	4	2,9
AD (alls)	66	73	-7	-9,6
HD (sent í gegnum HRFÍ)	80	131	-51	-38,9
AD (sent í gegnum HRFÍ)	46	66	-20	-30,3
Ræktunarnöfn	35	40	-5	-12,5
Vinnupróf & skapgerðarmat	76	85	-9	-10,6
Veiðipróf teg.hópur 7 & 8	409	235	174	74,0

Auður Sif Sigurgeirsdóttir er ritstjóri Sáms. Á liðnu ári var brotið á tímaritinu minnkað og blaðið minnkað í heild í sparnaðarskygni. Hundaskólinn starfar í bílageymslum og reiðskemmum. Valgerður Júlíusdóttir og Sigríður Bílddal starfa sem kennarar við hann. Skapgerðarmat hefur verið felld niður sem vinnupróf vegna ónógs framboðs. Anna Birna Björnsdóttir starfa við hundafiminámskeið á vegum félagsins.

Endurskoðaðar veiðiprófareglur fyrir tegundarhóp 7 voru samþykktar af stjórn HRFÍ og einnig hafa breytingar verið gerðar á vinnuprófareglum HRFÍ í samræmi við núgildandi reglur NKK.

Fimm sýningar voru haldnar á vegum HRFÍ á starfsárinu, 3 alþjóðlegar sýningar, ein meistarasýning og ein Reykjavík winner meistarasýning 25.-26 maí sl. Mjög góð umfjöllum var um febrúarsýninguna í fjölmiðlum.

Á nóvembersýningunni voru afreks- og þjónustuhundur, stigahæsti hundur ársins og stigahæsti öldungur ársins heiðraðir. Úrslit sýningar eru birt á vefsíðu HRFÍ og jafnframt gerð góð skil í Sámi.

Breytingar hafa verið gerðar á reglum um deildarsýningar, haldnar hafa verið nokkrar sýningar eftir nýjum reglum; hjá Cavalierdeild, Fjár- og hjarðhundadeild og Schnauzerdeild.

Ungir sýnendur kepptu fyrir hönd Íslands á Crufts, Nordic Winner sýningunni í Herning í nóvember og á Heimssýningunni í Búdapest. Unglingarnir stóðu sig vel og voru félaginu til sóma. Dyrheimar er aðal styrktaraðili Unglingadeildar.

Árið 2002 var leigusamningur gerður til 3 ára við Mosfellsbæ um Sólheimakot. Samningurinn framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp fyrir 1. október. Kostnaður félagsins við Sólheimakot á árinu 2012 var kr. 550.000. Mikið hefur verið kvartað yfir slæmri umgengni á staðnum. Leitað var eftir tillögum frá deildunum sem nýta sér Sólheimakot mest um það hvernig farið skyldi með starfseminum þar eða hvort ætti jafnvel að segja upp

leigusamningnum. Deildir úr tegundarhópum 7 og 8 auk skapgerðarmatshóps voru þau einu sem nýttu sér Kotið á síðasta ári. Stjórn og fulltrúar frá þessum ræktunardeildum funduðu 21. september sl. Tillaga kom frá þessum deildum um að stjórn gerði samning við Sólheimakotsnefnd Hundaræktarfélags Íslands, sem stofnuð var með kennitölu 4. janúar 2013. Meirihluti stjórnar samþykkti þennan samning. Meirihluti stjórnar samþykkti jafnframt árlegt framlag kr.400.000.- til Sólheimakotsnefndar vegna reksturs hússins. Leitað var á lits leigusala, bæjaryfirvalda í Mosfellsbæ, á þessum samningi og samþykkti leigusali hann ekki. Þannig að sem stendur er rekstur Sólheimakots óbreyttur frá því sem áður var.

HRFÍ var með bás á Norðurlandasýningunni í Herning í nóvember ásamt öðrum hundaræktunarfélögum á Norðurlöndum. Fundur um samræmingu á BSI (Breed Specific Instructions) varðandi ýkt útlit á hundum var haldinn í Helsinki 27. júní 2012 með fulltrúum allra NKU klúbbanna. Á fundinum var unnin tillaga, sem var lögð fyrir næsta NKU fund til samþykktar. SKK gaf HRFÍ þrjá DVD diska á sænsku um hunda með öndunarvandamál vegna ýkts útlits. Í myndinni er farið yfir þá þætti, sem hafa áhrif á öndun hunda og dómaraþurfa að vera meðvitaðir um þegar þeir dæma á hundasýningum. Formaður fór á NKU fund í febrúar 2013 og á aðalfund FCI, sem haldinn var í tengslum við Heimssýninguna í Búdapest í maí.

Vel heppnuð uppskeruhátíð HRFÍ var haldin 4. janúar 2013. Stigahæstu ræktendur voru heiðraðir, en þeir voru: 1) Hálsakotsræktun, 2) Heimsendaræktun og 3) Miðnæturræktun. Stigahæsti ræktandinn fékk afhentan farandbikar til varðveislu næsta árið. Björn Ólafsson sá um matinn og lifandi tónlist var framfettir kvöldi.

Formaður fjallaði um nýjasta tölublað Sáms og greinar sem þar birtust um nýja hundasamþykkt í Reykjavík og takmarkanir á hundahaldi í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins. Hún sagði einnig frá heimsókn fulltrúa heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem fjallaði um framkvæmd hundasamþykktarinnar. Ánægjuefni er að 3 ný hundagerði hafa verið sett upp í borginni.

Ný lög um dýravelferð hafa verið sett. HRFÍ fékk umsagnarrétt um frumvarpið og mat það tækifæri mjög mikils. Málfundur um nýju lögina var í maí sl. Framkvæmdarstjóri og Delia Howser mættu fyrir hönd HRFÍ.

Fundur var haldinn með fulltrúum HRFÍ og alþingismönnum Helga Hjörvar, Magnúsi Orra Schram og Ólínu Þorvarðardóttur í september sl. Tilgangur fundarins var að óska eftir stuðningi félagsins við frumvarp um Pet passport. Á þessum fundi kom fram að hugsanlega væri skynsamlegt að flytja nýtt frumvarp með þverpólískum stuðningi þar sem innflutningsreglur væru takmarkaðar til að auka líkur á því að frumvarpið fái samþykkt. Frumvarp um Pet passport hefur tvisvar sinnum verið lagt fram en hefur dagað upp í bæði skiptin. Helstu andstæðingar eru bændur, hestamenn og dýralæknar. Hugmynd er uppi um að halda kynningarfund um einangrun og með MAST um nýtt áhættumat. Kynningarfundur var haldinn í Gerðubergi um innflutning gæludýra til Íslands og um reglur um gæludýravegabréf. Þar kom fram að ekki er útlit fyrir að frumvarp um gæludýravegabréf verði samykkt í bráð. Nauðsyn er á nýju áhættumati sem er bæði dýrt og tímafrekt, að sögn yfirdýralæknis, Sigurborgar Daðadóttur. Helgi Hjörvar alþingismaður kvaðst ætla að beita sér fyrir lagabreytingum.

Laugavegsgangan var haldin 6. október 2012 og tókst vel að venju.

Guðmundur A. Guðmundsson kynnti vinnu Stefnumótunarteymis á fulltrúaráðsfundi í apríl. Ekki tókst að fá deildir til að skrá sig á stefnumótunarfund í maí og var honum því frestað.

Reglugerð HRFÍ um menntun sýningardómara hefur verið samþykkt af stjórn félagsins. Námið er að fyrirmynd dómara náms DKK. Sænski dómari Göran Bodegard hélt fyrirlestur fyrir dómara nema eftir febrúarsýningu. Tvö ritara- og hringstjóranámskeið voru haldin, Þorsteinn Thorsteinson og Lilja Dóra Halldórsdóttir sáu um námskeiðin. DKK Show Judge Committee hefur sent HRFÍ tilkynningu þess efnis að Ásta María Guðbergsdóttir hefur staðist öll próf til dómara réttinda og lagði prófnefndin það til að stjórn HRFÍ samþykkti hana sem dómara á papillion, phalène, shih tzu, chihuahua, tibetan spaniel og chinese crested.

Stjórn HRFÍ hefur samþykkt erindi frá dómara ráði veiðiprófsdómara í tegundarhópi 7 um nám tveggja nema til fuglahundadómara. Stjórnin hefur jafnframt ákveðið að útbúa nýjar reglur fyrir veiðiprófsdómara námi og verklagsreglur fyrir dómara nefnd veiðiprófsdómara.

Kynningarfundur um ný dýraverndarlög verður haldinn í haust og áætlað er að hafa opið hús/spjallfundu á 4-6 vikna fresti í húsnæði HRFÍ með haustinu.

Schaferdeild verður með deildarsýningu, deildarviðburður verður hjá Retrieverdeild og deildarsýning DÍF.

Formaðurinn kvaðst vilja þakka sjálfbóðaliðum innilega fyrir góð störf í þágu margþættrar starfsemi félagsins.

Gerður var góður rómur að máli formanns með lófataki.

### **3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar**

Delia Howser gjaldkeri HRFÍ fór yfir ársreikninga félagsins.

Delia hóf mál sitt á því að fjalla um í hverju starf gjaldkera stjórnar felst. Hann hefur ekki prókúru og hefur ekki aðgang að bókhaldi. Delia taldi hugsanlegt að breyta þyrfti starfslýsingu gjaldkera sem eftirlitsaðila með bókhaldi þar sem gjaldkeri getur aðeins kallað eftir upplýsingum úr bókhaldi en hefur ekki aðgang að því.

Því næst fór gjaldkeri yfir Samstæðureikning félagsins fyrir árið 2012.

Rekstrarhagnaður er kr. 1.244.242 en Fjármagnsgjöld og tekjur eru neikvæð um kr. 4.753.279. Tap ársins er því kr. 3.509.037.

Sú breyting var næst gerð á dagskrá að annar kjörinna endurskoðanda félagsins, Þorsteinn Þorbergsson, tók til máls og fjallaði um fjárhag félagsins. Hann kvað óviðunandi tap vera á rekstri félagsins. Þorsteinn kvaðst telja bókhald félagsins of flókið. Sérstakt félag er rekið um eignarhaldið á fasteigninni Síðumúla 15, Ra ehf. Þorsteinn fjallaði um nokkra þætti í bókhaldinu.

Samkvæmt Þorsteini eru það nokkrir þættir í rekstri félagsins sem hafa áhrif á tekjumyndun. Sýningar eru stór tekjupóstur í almennum rekstri félagsins. Hundum hefur fækkað á sýningum og reynt hefur verið að lækka kostnað við sýningar til að veita upp á móti því.

Ýmsir atburðir eru skylda í rekstri félagsins. Augnskoðunin er t.d. ekki tekjustofn heldur fyrst og fremst þjónustuliður. Hóflegur ávinningur er af rekstri

Hundaskólans. Ýmis námskeið - ánægjuleg fjölgun hefur orðið á veiði- og vinnuprófum hjá félaginu, sem hefur tekjur af þeirri fjölgun.

Sámur - breyting hefur orðið á útgáfukostnaði. Prentsmiðjan Oddi sér um prentun og útsendingu á blaðinu. Tekjur af blaðinu eru 1.1 milljón. Eitt af grunnhlutverkum HRFÍ er að halda úti fræðslu.

Þorsteinn kvaðst hafa aðstoðað nýjan framkvæmdarstjóra við að taka við rekstri félagsins og kvaðst hann telja að reksturinn væri óðum að komast í betra horf. Almennur rekstur HRFÍ stóð undir sér en fjármagnsgjöldin eru félaginu þungbær. Þorsteinn gagnrýnir að reikningar séu frekar látnir safna dráttarvöxtum heldur en að fá lán hjá lánastofnun. Virðisaukaskatti hefur verið skilað of seint og hafa hlotist álögur af því.

Samkvæmt lögum félagsins á að birta ársreikninginn fimm dögum fyrir aðalfundinn. Nokkur atriði hafa valdið því að ársreikningur tafðist. Fyrirverandi framkvæmdarstjóri átti inni ótekið orlof við starfslok og er verið að reyna að semja um það - samningur liggur fyrir stjórn.

HRFÍ hlaut mikla fyrirgreiðslu varðandi húsnæði fyrir sýningar, þetta hefur minnkað kostnað félagsins við sýningar um 1.6 milljónir kr.

Lausafjárþurrð var hjá félaginu á síðasta ári. Heimtur á félagsgjöldum á þessu ári hafa verið mun betri á þessu ári en áður. Félagsblaðið er gefið út í ódýrara upplagi.

Tölvukerfi - félagið á inni um 30 milljónir króna í þróun á tölvukerfi, sú vinna var hinsvegar stöðvuð í upphafi árs 2012 vegna fjárhagserfiðleika. Þorsteinn kvaðst vonast til þess að aftur væri hægt að hefjast handa við vinnu við tölvukerfið.

Viðræður við Íslandsbanka standa nú yfir um lánafyrirgreiðslu. Rætt er um að taka lán vegna Ra, rætt um að leggja Ra niður og einfalda rekstur félagsins - bankinn mun væntanlega afskrifa eitthvað af þeim skuldum sem liggja á félaginu.

### **Fundarstjóri opnaði nú mælendaskrá um dagskrárliði 2-3.**

Brynja Tomer bað um orðið og þakkaði fyrir góða ársskýrslu og góðar útskýringar Þorsteins á reikningunum. Hún kvaðst hafa nokkrar fyrirspurnir varðandi innlimun Ra í HRFÍ. Brynja bar fram spurningu um hvort fyrir lægi að eitthvað af skuldum Ra yrði fellt niður. Hún kvaðst hafa miklar áhyggjur af fjárhag félagsins og kvaðst vilja vita hvort fyrir lægi samþykki Íslandsbanka um niðurfellingu skulda og ef svo væri hversu mikla fjárhæð væri um að ræða. Brynja bað um skýringar á ógreiddu orlofi fráfarandi framkvæmdarstjóra og hvort búið væri að greiða eitthvað af því. Hún kvaðst einnig vilja fá skýringar á liðnum „Skrifstofu- og stjórnunarkostaður“ í ársreikningi félagsins. Jafnframt kvaðst hún vilja fá skýringar á því hvers vegna kostnaðarliðurinn „Félagsstarf, sýningar og námskeið“ hefði lækkað um ca 7 milljónir á milli ára.

Þorsteinn Þorbergsson fór í pontu til að svara fyrirspurnum Brynju. Hann kvað félagið vera í fyrirgreiðslumeðferð hjá Íslandsbanka, sem fælist í því að meta greiðslugetu félagsins og niðurfellingu á afgangi skuldanna.

Hann kvað hækkun á liðnum „Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður“ vera að mestu leyti vanskilakostnað. Hann kvað umtalsverða kostnaðarlækkun hafa orðið í tengslum við sýningar ofl. Sparnaður hefði verið um 5 milljónir í heild.

Varðandi samninginn við fyrirverandi framkvæmdarstjóra kvað Þorsteinn orlofið hafa verið greitt nú þegar en málið er í umfjöllun og meðhöndlun hjá stjórninni.

Kjartan Antonsson steig í pontu. Hann kvaðst vilja fjalla um mál Sólheimakots. Hann spurði hvort félagsmenn væru almennt sáttir við að félagið væri að veita örfáum hundum 400.000 kr. í styrk. Hann kvaðst telja að ef félagið skuldaði fyrrverandi framkvæmdarstjóra peninga þá ætti að greiða henni það og ekki vera að rífast um það frekar.

Arnheiður Runólfsdóttir steig í pontu og velti upp þeirri spurningu hvort nauðsynlegt væri að endurskoða tekjuöflun félagsins í heild sinni, hvort auðveldara væri að fá fólk á sýningar ef ekki þyrfti að borga félagsgjöld til að skrá á sýningu. Hún kvað þetta fyrirkomulag vera í DKK. Hún kvaðst einnig velta því fyrir sér hvort myndi borga sig að láta félagið Ra fara í þrot og leigja húsnæði annarsstaðar.

Lilja Dóra Halldórsdóttir tók til máls og kvaðst vilja þakka stjórninni fyrir góð störf á liðnu starfsári. Hún kvaðst vilja spyrja um Sólheimakotsnefnd HRFÍ og hvernig hún félli inn í starfsemi félagsins. Engar reglur væru til um þennan aðila og hún vildi reyna að skilja hvernig Sólheimakotsnefnd félli undir skipurit félagsins.

Jóna Th. Viðarsdóttir svaraði spurningunni. Samkvæmt henni var Sólheimakotsnefnd stofnuð 24. desember 2012. Jóna kvaðst ekki hafa getað séð hvernig þessi nefnd félli undir starfsemi HRFÍ og væri það bagalegt þar sem félagið styrkti þessa nefnd um 400.000 kr. á ári.

Pétur Allan Guðmundsson steig í pontu og kvaðst vilja spyrja um utanlandsferðir á vegum félagsins og hvaða kostnaður væri greiddur í tengslum við þær. Formaður svaraði. Hún kvað þessar upplýsingar liggja fyrir í fundargerð stjórnar frá 21. nóvember 2012, þar sem samhljóða fyrirspurn frá Deliu Howser hefði verið svarað og var ritari beðinn um að klippa þann hluta fundargerðar stjórnarfundarins er varðaði fyrirspurnina inn í þessa fundargerð.

#### „Fyrirspurn frá Deliu Howser, gjaldkera HRFÍ, lögð fram á stjórnarfundum 19.09.2012

Fyrirspurn beint til formanns

##### **Utanlandsferðir á vegum HRFÍ - fundir og ráðstefnur:**

1. Hver ákveður hvaða fulltrúar fara á fundi og ráðstefnur erlendis?  
Við höfum sama hátt á og önnur NKU og FCI félög þ.e. formaður og framkvæmdastjóri sækja fundi. Yfirleitt er framkvæmdastjórafundur fyrir NKU stjórnarfund.
2. Hvað ræður fjölda þátttakenda? Er þörf á að fleiri en einn fari?  
Sjá svar við lið 1.
3. Er þörf á að vera á staðnum - væri hægt að láta nægja fundargerðir? Hverju skilar viðvera okkar á fundum umfram það að fá upplýsingar í formi fundargerða?  
Það fer væntanlega eftir því hver er í stjórn hverju sinni hvert svarið er við þessari fyrirspurn.
4. Hefur verið kannað hvort að við fengjum heimild til að bera upp erindi á fundi bréflaga svo hægt væri að spara ferðakostnað?  
Það hefur einhverju sinni verið gert þegar við höfum ekki getað sótt fundi.
5. Hver var kostnaður vegna utanlandsferða síðustu 3 árin og það sem af er þessu ári, hverjir fóru, hvert fóru þeir og í hvaða tilgangi?

##### Utanlandsferðir á vegum HRFÍ - fundir og ráðstefnur árin 2009-2001-2011

ár	Tilfni	staður	Fulltrúi/ar HRFÍ	kostnaður
2009	Vísindaráð NKU	Reykjavík	Helga Finnsdóttir	105.362

2009	NKU fundur	Reykjavík	Stjórn HRFÍ	300.428
2009	FCI fundur	Bratisslava	Valgerður og Jóna, sem gr flug sjálf	159.908
			<b>Samtals árið 2009</b>	<b>565.698</b>
2010	NKU fundur	Danmörk	Guðríður, Valgerður og Jóna, sem gr flug sjálf	296.984
2010	NKU fundur	Helsinki	Guðríður, Valgerður og Jóna, sem gr flug sjálf	351.712
2010	Kynningarbás WDS	Danmörk	Guðríður, Valgerður og Jóna, sem gr flug sjálf	252.633
2010	Kynningarbás WDS	Danmörk	Kostnaður við kynningarbás	340.861
			<b>Samtals árið 2010</b>	<b>1.242.190</b>
2011	FCI-fullgildir félagar	París	Valgerður og Auður Sif	613.400
2011	FCI-Eurosection	Holland	Valgerður og Jóna	198.019
2011	NKU fundur	Osló	Valgerður og Jóna	106.841
2011	Kynningarbás NWS	Stokkhólmur	Valgerður og Jóna, sem gr flug sjálf	220.048
2011	Kynningarbás NWS	Stokkhólmur	Kostn. við kynningarbás + BIS heiðursverðl.	196.767
			<b>Samtals árið 2011</b>	<b>1.335.075</b>

6. Hvaða árangri skiluðu þessi ferðalög og hvernig gerðu þessir aðilar grein fyrir honum?

Ferðalögin sem slík skiluðu litlu nema fundarsetu og gistingu yfir nótt en fundarseta er upplýsandi og árangursrik og skilar sér klárlega í starfi okkar. Gerð er grein fyrir fundum á stjórnar- og fulltrúaráðsfundum.

7. Hafi viðkomandi fulltrúar HRFÍ gert grein fyrir árangri af ferðum sínum skv. 6.lið þessarar fyrirspurnar, hvar hafa þær upplýsingar verið kynntar eða birtar?

Sjá svar við lið nr.6 ”

Jóna kvaðst hafa farið tvisvar til útlanda á síðasta ári. Hún hefði farið á fund í Finnlandi um ýkta ræktun ásamt Valgerði Júlíusdóttur, þáverandi framkvæmdarstjóra. Flugmiði hefði verið greiddur fyrir framkvæmdarstjóra en formaður greiddi sinn flugmiða sjálf. Hótelið hefði verið greitt en engir dagpeningar hefðu verið greiddir. Einnig hefðu formaður og framkvæmdarstjóri farið á Nordic Winner í Herning í Danmörku í nóvember. Flugmiðar og gisting hefðu verið greidd fyrir framkvæmdarstjóra og formann en hvorug fékk dagpeninga.

#### 4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar

Kristín Sveinbjarnardóttir, fulltrúi Siðanefndar, flutti skýrsluna. Hún kvað nefndina vilja koma á framfæri þakklæti til Herdísar Hallmarsdóttur sem hætti sem aðalmaður á síðasta ári.

Frá síðasta aðalfundi hefur nefndin fundað 11 sinnum. Nokkur fækkun var á málum á milli 2011 og 2012 en 13 mál hafa komið fram á þessu ári, sem er áhyggjuefni. Öllum málum frá árinu 2011 er lokið og af þeim 22 sem bárust á árinu 2012 eru tvö enn til meðferðar. Málum ársins 2013 er öllum ólokið. 29 félagsmenn komu að þeim 25 málum sem afgreidd voru á síðasta ári.

Kristín kvað mikið bera á því að félagsmenn gæti sín ekki hvað varðar tímasetningar á heilbrigðisvottorðum og kvaðst vonast til að nýtt tölvukerfi myndi auðvelda framkvæmd um þetta atriði.

Engar athugasemdir komu fram um skýrslu Siðanefndar.

#### 5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.

Samkvæmt dagskrá átti Delia Howser, gjaldkeri félagsins, að gera grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir næsta ár en sú breyting varð á að Þorsteinn Þorbergsson tók að sér þann dagskrárlið.

Áætlunin gerir ráð fyrir niðurskurði varðandi kostnað og eins eðlilegri aukningu á greiðslu félagsgjalda. Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur í heild fari úr 47.607.546 kr. í 48.859.289 kr. Gert er ráð fyrir hagnaði hjá félaginu upp á 795.000 kr.

Þorsteinn lagði til að rekstraráætlun yrði samþykkt og kvaðst telja að vel væri mögulegt að koma henni í framkvæmd.

Mælendaskrá var opnuð um Starfs- og fjárhagsáætlun.

Brynja Tomer kom í pontu og kvaðst leggja til að Sámur yrði ekki prentaður í litlu umbroti heldur yrði eingöngu gefinn út á rafrænu formi í sparnaðarskyni og ein hátíðarútgáfa yrði gefin út á pappír á ári.

Hún kvaðst einnig leggja til að sýningarnúmer og aðrar upplýsingar yrðu send rafrænt til félagsmanna til að spara prent- og burðargjöld.

Ekki komu fleiri athugasemdir fram og bar fundarstjóri fjárhagsáætlun undir atkvæði og var hún samþykkt með handaruppréttingu meirihluta fundarmanna.

## 6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingatillögur bárust stjórn HRFÍ fyrir 1. mars sl. og voru því engar tillögur bornar undir atkvæði á fundinum.

## 7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.

### Kosning formanns:

Í framboði í endurkjöri til formanns:

Jóna Th. Viðarsdóttir

Úr stjórn ganga Björn Ólafsson og Anna María Flygenring. Úr varastjórn gengur Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

### Í framboði til stjórnar til 2ja ára eru:

Arinbjörn Friðriksson

Herdís Hallmarsdóttir

### Í framboði í varastjórn til 2ja ára er:

Brynja Tomer (Brynja Tomer gaf kost á sér til vara í stjórn)

Fundarstjóri kvað Brynju Tomer hafa tjáð sér að hún drægi framboð sitt til aðalstjórnar til baka og því væru frambjóðendur sjálfkjörnir í þau embætti sem þeir byðu sig fram í.

Var þessu fagnað með almennu lófataki.

## 8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.

Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Pétur Alan Guðmundsson

Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir

Fundurinn samþykkti kosningu frambjóðenda með lófataki.

## 9. Kosning siðanefndar



Siðanefnd skal kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar félagsmanna HRFÍ, jafnframt skal kjósa tvo varafulltrúa. Nefndarmenn og varamenn þeirra geta ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn HRFÍ. Siðanefnd velur sér formann.

Núverandi stjórn siðanefndar hefur gefið kost á sér í endurskjöri:

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Kristín Sveinbjörnsdóttir og Hilmar Sigurgíslason gefa öll kost á sér til áframhaldandi setu í Siðanefnd sem aðalmenn. Guðrún Sigríður Sigurðardóttir gefur kost á sér til áframhaldandi setu og Anna María Flygenring gefur einning kost í Siðanefnd, báðar sem varamenn.

Fundurinn samþykkti kosningu Siðanefndar með almennu lófataki.

## 10. Önnur mál.

Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins. Ef tillaga er lögð fram á aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál skv. þessum tölulíð, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar, en ekki til ákvörðunar.

Engin erindi bárust stjórn HRFÍ fyrir tilskilinn tíma.

Mælendaskrá var nú opin fyrir þá sem vildu taka til máls.

Björn Ólafsson tók til máls og vildi þakka fyrir samstarfsmönnum sínum í stjórn félagsins.

Hann kvaðst ósammála því að 400.000 kr. væri varið til tveggja deilda vegna Sólheimakots, það þyrfti að gæta jafnræðis. Hann kvað

Hann kvaðst vona að félagið héldi áfram að vinna að bættu hundahaldi í landinu og að því búnu þakkaði hann fyrir sig.

Anna María Flygenring kvað það erfitt fyrir bónda að sitja í stjórn HRFÍ þar sem hún hefði ekki verið tilbúin til að samþykkja gæludýravegabréf en það þýddi ekki að hún væri alfarið á móti málinu, hún teldi að það þyrfti að skoða málið betur.

Hún hvatti félagsmenn til að bjóða sig fram til stjórnarstarfa þar sem þetta væri mjög góð reynsla og mjög lærdómsríkt.

Ragnar Sigurjónsson kom í pontu og kvaðst vilja óska nýjum stjórnarmönnum til hamingju og óskaði þeim velfarnaðar í störfum. Hann kvaðst vera ánægður með stuttan fund.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir tók til máls og kvaðst vilja þakka fyrir sig eftir fjögurra ára starf sem varamaður í stjórn. Hún kvaðst hafa mikla trú á því fólki sem kæmi nýtt inn í stjórnina ásamt þeim sem áfram sætum.

Pétur Allan Guðmundsson kvaðst vilja óska nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Hann kvaðst einnig vilja koma því á framfæri að gott væri að koma á skrifstofu félagsins, þar væri viðmót gott og honum þætti hann velkominn. Þetta vildi hann þakka fyrir.

Fundarstjóri lýsti mælendaskrá lokaða, afsalaði sér fundarstjórn og gaf Jónu Th. Viðarsdóttur, nýkjörnum formanni HRFÍ, orðið. Hún kvaðst vilja þakka fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið, kallaði þau til sín og gaf þeim blómvendi.

Hún kvaðst vilja brýna fyrir félagsmönnum að stuðla að góðu starfi innan félagsins með góðum samskiptum. Hún kvaðst einnig vilja hvetja

fundarmenn til að sýna samborgurum sínum tillitssemi í umgengni og umferð hunda.

Formaður þakkaði fundarstjóra, fundarritara og Þorsteini Þorbergssyni fyrir þeirra störf og færði þeim rós að gjöf. Hún kvaðst einnig vilja þakka Kristínu Sveinbjörnsdóttur, sem hefði verið félagskjörinn skoðunarmaður í mörg ár en gæfi ekki kost á sér núna. Kristín fékk einnig rós að gjöf.

Að þessu loknu var fundi slitið um kl. 10.30 og fundargestir fengu kaffi og með því áður en þeir héldu heim á leið.

Fundinn sóttu 79 félagsmenn HRFÍ.